

Ed.

290. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað 3. málsg. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, kemur:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur. Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið olvaður eða brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsg., er slys vill til, skal, auk sekta eftir 13. gr., sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða æfilangt, ef brot er margítrekað, valdið er verulegu slysi fyrir öðri eða miklar sakir eru að öðru leyti. Svifting ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef margítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 13. gr., sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn tíma eða æfilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svifta bifreiðarstjóra, sem bann telur bafa brotið ákvæði laganna eða áðurnefndra reglugerða, ökuskírteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álitur, að bifreiðarstjóri hafi mist einhvers þess, er útheimtist til að fá ökuskírteini.

2. gr.

Í stað »12 kílómetrar« í 2. málsg. 6. gr. laganna kemur: 18 kílómetrar, og í stað »35 km.« kemur: 40 km.

3. gr.

Á eftir 12 gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Rjett er, í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

Greinatalan breytist eftir því.

4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

5. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 15000 kr. Skal með því vera trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð

þar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið þar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þriðjóra, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 7500 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðar, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjarfjelaga.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjögum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er trygt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfjelagi eða fjögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella texta þeirra og texta laga nr. 15, 18. maí 1920, inn í lög nr. 88, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.